

# Gígur með skriðusvuntum í Tyrrenha Terra

## ESP_031805_1545

HiRISE
HIGH RESOLUTION IMAGING SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS
THE UNIVERSITY OF ARIZONA.

Þessi vel varðveitti árekstragígur í Tyrrhena Terra, norðaustur af Hellas Planitia, er um það bil 6 km að þvermáli. Innri gígbarmarnir eru í línu við skriðusvuntur sem samanstanda af efni sem hefur veðrast úr hvilftunum við topp gígveggsins. Upplausn HiRISE myndavélarinnar gerir okkur kleift að sjá berghnullunga sem eru um það bil metri að stærð við enda skriðusvuntunnar. Í innri gígbotninum eru opnur með ljósleitu efni og litlar sandöldur.